

AUGLÝSING

um bókanir um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.

Hinn 15. desember 2025 gerðu Færeyjar, Ísland, Noregur og Bretland með sér sameiginlega bókun um fiskveiðiviðræður um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi. Sama dag voru eftirfarandi fimm tvíhliða bókanir gerðar, sem teljast óaðskiljanlegur hluti marghliða bókunarinnar:

sameiginleg bókun um fiskveiðiviðræður milli Færeyja og Bretlands varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025,

sameiginleg bókun um fiskveiðiviðræður milli Noregs og Bretlands varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025,

sameiginleg bókun um fiskveiðiviðræður milli Íslands og Noregs varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025,

sameiginleg bókun um fiskveiðiviðræður milli Íslands og Færeyja varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025 og

sameiginleg bókun um fiskveiðiviðræður milli Færeyja og Noregs varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025.

Bókanirnar öðluðust gildi 15. desember 2025 og eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 21. júní 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**SAMEIGINLEG BÓKUN UM FISKVEIÐIVIÐRÆÐUR MILLI
FÆREYJA, ÍSLANDS, NOREGS OG BRETLANDS
UM STJÓRNUN MAKRÍLVEIÐA Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI**

15. desember 2025

1. Sendinefnd Færeyja undir forystu Ingibjörg Tummassardóttir Petersen, sendinefnd Íslands undir forystu Guðmundar Þórðarsonar, sendinefnd Noregs undir forystu Ann Kristin Westberg og sendinefnd Bretlands undir forystu Colin Faulkner hittust í London í október og nóvember 2025 til að eiga viðræður um samskipti á sviði fiskveiða í tengslum við stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Sendinefndirnar tóku mið af eftirfarandi tvíhliða samningum sem eru óaðskiljanlegur hluti þessarar sameiginlegu bókunar:
 - sameiginlegri bókun um fiskveiðiviðræður milli Færeyja og Bretlands varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025,
 - sameiginlegri bókun um fiskveiðiviðræður milli Noregs og Bretlands varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025,
 - sameiginlegri bókun um fiskveiðiviðræður milli Íslands og Noregs varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025,
 - sameiginlegri bókun um fiskveiðiviðræður milli Íslands og Færeyja varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025 og
 - sameiginlegri bókun um fiskveiðiviðræður milli Færeyja og Noregs varðandi stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025.
3. Sendinefndirnar ákváðu að leggja til, hver við sín yfirvöld, að komið verði á því fyrirkomulagi sem sett er fram í þessari sameiginlegu bókun.

4. AFLAHLUTDEILD

- 4.1 Sendinefndunum þykir miður að þrátt fyrir mikla viðleitni hefði strandríkjunum sex enn ekki tekist að ná samkomulagi um heildarfyrirkomulag til langs tíma varðandi aflahlutdeild fyrir stofninn. Þær staðfestu vilja sinn til að halda áfram, í góðri trú, frekari markvissum viðræðum allra strandríkja til að ná samkomulagi um slíkt fyrirkomulag og að boða til slíkra viðræðna hið fyrsta.
- 4.2 Sendinefndinar tóku fram að á meðan slíkt heildarfyrirkomulag væri ekki fyrir hendi væri mikilvægt að hrinda í framkvæmd með hraði, til bráðabirgða, röð ábyrgra stjórnunarráðstafana, eins og fram kemur í þessari sameiginlegu bókun, til að bregðast tafarlaust við hnignandi stöðu stofnsins. Þær tóku enn fremur fram að enda þótt viðræður um að ná samkomulagi um aflahlutdeild fyrir öll strandríki haldi áfram samhliða þessu myndu slíkar ráðstafanir hafa verulegan ávinning í för með sér fyrir ástand stofnsins til lengri tíma litið.
- 4.3 Í þessu samhengi ákváðu sendinefndirnar að hlutdeild strandríkja þeirra í leyfilegum heildarafla yrði sem hér segir:

Færeyjar:	13,35%
Ísland:	12,50%
Noregur:	28,24%
Bretland:	25,36% ^{1 2}
- 4.4 Sendinefndirnar ákváðu enn fremur að hrinda í framkvæmd tvíhliða samningum sínum sem um getur í 2. lið þessarar sameiginlegu bókunar og eru óaðskiljanlegur hluti hennar. Eftir margs konar

¹ Námundað að tveimur aukastöfum.

² Að því er þetta bráðabirgðasamkomulag varðar og í kjölfar færslu kvóta milli strandríkja er hlutdeild Bretlands eins og fram kemur í lið 4.4. Þetta hefur ekki áhrif á hlutdeild Bretlands samkvæmt viðskipta- og samstarfssamningnum milli Evrópusambandsins og Bretlands sem er 27,8343% frá og með árinu 2026.

tvíhliða færsla kvóta milli aðila og aðrar leiðréttingar ákváðu sendinefndirnar að „nettóhlutdeild“ þeirra í leyfilegum heildarafla yrði sem hér segir:

Færeyjar:	12,00%
Ísland:	10,50%
Noregur:	26,40%
Bretland:	30,55% ³

- 4.5 Þessi aflahlutdeild myndi ekki hafa áhrif á frekari tvíhliða samninga milli sendinefnda utan þeirra sem getið er í 2. lið sem eru óaðskiljanlegur hluti þessarar sameiginlegu bókunar.

5. ÁRLEG ÁKVÖRDUN LEYFILEGS HEILDARAFLA

- 5.1 Sendinefndirnar tóku mið af ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins varðandi makríl í Norðaustur-Atlantshafi, sem kynnt var strandríkjunum á fundi þeirra í London 16. október 2025, og samþykktu að leyfilegur heildarafla makríls í Norðaustur-Atlantshafi árið 2026 skyldi vera 299.010 tonn og samþykktu að þær myndu ákveða kvóta hvers þeirra um sig í samræmi við nettóhlutdeildina sem fram kemur í lið 4.4.
- 5.2 Sendinefndirnar tóku enn fremur mið af mikilvægi þess að virða, eftir því sem við verður komið, skilmála áætlunar um langtímaveiðistjórnun á stofninum þegar tekin er ákvörðun um leyfilegan heildarafla í framtíðinni.
- 5.3 Sendinefndirnar ákváðu að taka til umfjöllunar, sem hluta af viðræðum til að ná heildarfyrirkomulagi varðandi aflahlutdeild, viðeigandi ráðstafanir varðandi aðila sem stunda veiðar, meðal annars með því að fastsetja aflahlutdeild til verndar stofninum sem ákveðin yrði ár hvert.

6. FÆRSLA KVÓTA MILLI ÁRA

- 6.1 Sendinefndirnar ákváðu að hverjum aðila væri heimilt að færa yfir á næsta ár það magn sem hefur ekki verið nýtt, allt að 10% af kvóta sínum, byggt á nettóhlutdeildinni sem fram kemur í lið 4.4 (einnig fyrir árin 2025-2026). Það magn sem fært er skal koma til viðbótar kvóta viðkomandi aðila fyrir næsta ár á grundvelli nettóhlutdeildarinnar sem fram kemur í lið 4.4. Ekki má færa þetta magn áfram til næstu ára.
- 6.2 Sendinefndirnar ákváðu einnig að hver aðili megi heimila skipum sínum að veiða allt að 10% umfram kvóta hvers þeirra um sig, byggt á nettóhlutdeildinni sem fram kemur í lið 4.4, sem hann hefur ákveðið fyrir viðkomandi ár. Allt magn sem veitt er umfram kvóta, sem ákveðinn er fyrir viðkomandi ár, verður dregið frá úthlutuðum kvóta aðilans fyrir næsta ár á eftir.
- 6.3 Sendinefndirnar tóku mið af því að ef samið yrði um áætlun um langtímaveiðistjórnun myndi fyrirkomulag þeirrar áætlunar varðandi færslu kvóta milli ára leysa af hólmi fyrirkomulag þessarar sameiginlegu bókunar.

7. ÁÆTLUN UM LANGTÍMAVEIÐISTJÓRNUN

- 7.1 Sendinefndirnar ákváðu að senda til Alþjóðahafrannsóknaráðsins beiðni um að meta þau drög að áætlun um langtímaveiðistjórnun sem lýst er í 1. viðauka. Þær lögðu áherslu á þá ósk sína að koma áætluninni til framkvæmda fyrir viðræður haustsins 2026 um ákvörðun leyfilegs heildarafla úr stofninum fyrir árið 2027.

8. VÍSINDASAMSTARF

- 8.1 Sendinefndirnar bentu á að framlag til vísinda sé lykilforsenda þess að byggja upp traustan þekkingargrunn um stærð og dreifingu stofnsins sem er nauðsynlegur bæði til að móta ráðgjöf um sjálfbæra stjórnun stofnsins og til að skapa grundvöll fyrir skiptingu aflahlutdeilda. Sendinefndirnar staðfestu að þær myndu áfram leggja verulega af mörkum til helstu alþjóðlegu makrílrannsóknarleiðangra sem notaðir eru við stofnmat Alþjóðahafrannsóknaráðsins.
- 8.2 Sendinefndirnar fögnuðu uppfærðri skýrslu um dreifingu makríls í Norðaustur-Atlantshafi sem kynnt var á fundi strandríkjanna 16. október 2025 og voru sammála um mikilvægi þess að uppfæra skýrsluna árlega og tímanlega.

³ Námunðað að tveimur aukastöfum.

9. GILDISTÍMI

- 9.1 Sendinefndirnar tóku fram að ákveði þær ekki annað með gagnkvæmum hætti skuli fyrirkomulagið, sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun, gilda til loka ársins 2028.
- 9.2 Sendinefndirnar gáfu til kynna að þær myndu halda áfram að beita þessu fyrirkomulagi eftir 2028 nema:
 - i. einhver aðilanna tilkynnti hinum með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara um áform sín um að draga sig út úr þessu fyrirkomulagi eða
 - ii. aðilarnir komi sér saman um annað fyrirkomulag.

15. desember 2025

Fyrir hönd sendinefndar Færeyja

Fyrir hönd sendinefndar Íslands

Ingibjörg Tummassardóttir Petersen

Guðmundur Þórðarson

Fyrir hönd sendinefndar Noregs

Fyrir hönd sendinefndar Bretlands

Ann Kristin Westberg

Colin Faulkner

1. viðauki: Beiðni til Alþjóðahafrannsóknaráðsins varðandi áætlun um langtímaveiðistjórnun

Aðilarnir fjórir fara þess sameiginlega á leit við Alþjóðahafrannsóknaráðið að það veiti ráðgjöf varðandi áætlunir um langtímaveiðistjórnun á makríl í Norðaustur-Atlantshafi. Beiðnin er sett fram hér á eftir.

Alþjóðahafrannsóknaráðið gerði og afhenti mat á áætlun um langtímaveiðistjórnun á makrílstofninum 2020 (WKMSEMAC) (ICES, 2020). Sú aflasaga sem á eftir fylgdi og breytingar á uppbyggingu mats og viðmiðunarmörkum (WKBMACNSSH 2025a) hafa leitt til þess að ráðlagður rammi fyrir áætlunina um langtímaveiðistjórnun 2020 telst ekki lengur í samræmi við varúðarsjónarmið.

Þess er óskað að Alþjóðahafrannsóknaráðið tilgreini viðeigandi varúðarsamsetningar í svari sínu við beiðni aðilanna um að ráðið meti veiðistjórnunaráætlun til margra ára fyrir makríl í Norðaustur-Atlantshafi, með því að nota:

- aðgerðarmörk (B_{trigger}) á bilinu þrjár til sex milljónir tonna með markgildi veiðiálags (F) að varúðarmörkum (F_{lim}),
- aflareglu þar sem veiðidánartala er jöfn markgildi veiðiálags (F) þegar lífmassi hrygningarstofns (SSB) er jafn eða yfir aðgerðarmörkum (B_{trigger}) á hrygningartíma árið áður en ákveða á leyfilegan heildarafla,
- ef lífmassi hrygningarstofns (SSB) er undir aðgerðarmörkum (B_{trigger}) á hrygningartíma árið áður en ákveða á leyfilegan heildarafla skal ákvarða leyfilegan heildarafla í samræmi við veiðidánartölu sem er tilgreind með: $F = F_{\text{target}} * \text{SSB} / B_{\text{trigger}}$.

Langtímamarkmið:

- Að hámarka afrakstur
- Að lágmarka hættu á að fara niður fyrir varúðarmörk (B_{lim})
- Að ná stöðugleika í afla.

Meta ætti alla valkosti með og án takmörkunar á breytileika í leyfilegum heildarafla milli ára. Þegar reglurnar hefðu það í för með sér að leyfilegur heildarafla viki um meira en 20% niður fyrir eða 25% upp fyrir leyfilegan heildarafla næstliðins árs skulu aðilar ákvarða leyfilegan heildarafla sem fer ekki lengra en, eftir því sem við á, 20% niður fyrir eða 25% upp fyrir leyfilegan heildarafla næstliðins árs. Viðkomandi takmörkun á leyfilegum heildarafla skal ekki gilda ef lífmassi hrygningarstofns (SSB) á hrygningartíma á því ári sem ákveða á heildarafla fyrir er jafn eða undir aðgerðarmörkum (B_{trigger}).

Prófa skal takmörkunarfyrirkomulagið bæði aðskilið og ásamt kerfi til færslu á heimildum milli ára (e. *banking and borrowing mechanism*) sem nemur 10% . Fella ætti heimild til færslu milli ára tímabundið úr gildi þegar lífmassi hrygningarstofns er undir aðgerðarmörkum (B_{trigger}).

Að auki, fella inn sviðsmyndir sem nota:

að því gefnu að engin samþykkt áætlun um langtímaveiðistjórnun sé til staðar og ráðgjöfin byggist eingöngu á nálgun um sjálfbæran hámarksafrakstur (MSY): afla sem er ávallt 10, 20 og 30% yfir árlegu ráðlögðu gildi samkvæmt nálgun um sjálfbæran hámarksafrakstur (MSY), án stöðugleika-takmarkana.

Mats- og árangursviðmið

Hver valkostur skal metinn með tilliti til þess hvernig hann reynist til skamms tíma (5 ára), meðallangs tíma (næstu 10 ára) og langs tíma (næstu 25 ára) í tengslum við:

- meðallífmassa hrygningarstofns (SSB)
- meðalafrakstur
- vísi fyrir breytileika milli ára á lífmassa hrygningarstofns (SSB) og afrakstri
- hættu á að lífmassi hrygningarstofns fari niður fyrir varúðarmörk (B_{lim})

Nálgunin ætti að byggjast á þeirri aðferðafræði sem hefur verið notuð til að meta makrílstofninn (ICES, 2020) og þeirri aðferðafræði sem nýlega var notuð fyrir sild úr Norðursjó (ICES, 2025). Matinu skal

hagað þannig að það greini valkosti sem eru traustir gagnvart öðrum rekstrarlíkönum, þar á meðal en er ekki takmarkað við:

- a) rannsókn á öðrum trúverðugum ferlum og sviðsmyndum nýliðunar,
- b) möguleg áhrif þéttleikaháðs vaxtar.

Frestur Alþjóðahafrannsóknaráðsins

Alþjóðahafrannsóknaráðið skal fullvinna sérstaka beiðni um heildarendurgjöf tímanlega fyrir fund vinnunefndar ráðsins um uppsjávarfiska (ICES WGWIDE) í ágúst 2026 og viðræður strandríkja um makríl í Norðaustur-Atlantshafi í október 2026.

Tilvísanir

ICES. 2020. Workshop on Management Strategy Evaluation of Mackerel (WKMSEMAC). ICES Scientific Reports. 2:74. 175 pp. <http://doi.org/10.17895/ices.pub.7445>

ICES. 2025a. Benchmark workshop on Mackerel and Norwegian spring-spawning herring (WKBMACNSSH). ICES Scientific Reports. 7:64. 509pp. <https://doi.org/10.17895/ices.pub.29279615>

ICES. 2025. Workshop on Management Strategy Evaluation for North Sea Herring (WKMSEHerring). ICES Scientific Reports. 7:53. 179 pp. <http://doi.org/10.17895/ices.pub.28868798>

**SAMEIGINLEG BÓKUN UM FISKVEIÐIVIÐRÆÐUR MILLI
FÆREYJA OG BRETLANDS UM STJÓRNUN MAKRÍLVEIÐA
Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI**

15. desember 2025

1. Sendinefnd Færeyja undir forystu Ingibjörg Tummassardóttir Petersen og sendinefnd Bretlands undir forystu Colin Faulkner hittust í London í október og nóvember 2025 til að eiga viðræður um samskipti á sviði fiskveiða varðandi fyrirkomulag aðgangs til makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Samninganefndirnar höfðu hugfastan rammamninginn um fiskveiðar milli ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og landstjórnar Færeyja frá 29. október 2020.
3. Sendinefndirnar höfðu enn fremur hugfasta sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi, sem undirrituð var 15. desember 2025, og tóku mið af afleiddri minnkun veiðiálags.
4. Sendinefndirnar ákváðu að leggja til, hvor við sín yfirvöld, að komið verði á því fyrirkomulagi sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun.

5. FYRIRKOMULAG FÆRSLU OG AÐGANGS

- 5.1 Sendinefndirnar minntu á að margs konar færslur kvóta höfðu átt sér stað milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands.
- 5.2 Bretland ákvað því að veita Færeyjum aðgang til veiða innan sérefnahagslögsögu Bretlands á 35% af nettóhlutdeild Færeyja í makríl sem fram kemur í lið 4.4 í sameiginlegu bókuninni frá 15. desember 2025.

6. EFTIRLIT OG FRAMFYLGD

- 6.1 Veiðar færeyskra skipa innan sérefnahagslögsögu Bretlands skulu fara fram í samræmi við samþykktu „tæknilega viðauka við sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Færeyja (tæknilegir viðaukar Bretlands og Færeyja)“ nema:
 - (i) ráðstafanir séu leystar af hólmi eða settar með þessari sameiginlegu bókun sem skal hafa forgang eða
 - (ii) samið sé um annað.
- 6.2 Bretland skal tilkynna tímanlega um innleiðingu nýrrar fiskveiðilöggjafar og tæknilegra ráðstafana og gerir sér grein fyrir nauðsyn þess að veita sjómönnum slíkar upplýsingar með skjóttum hætti.
- 6.3 Sendinefndirnar ákváðu að hafa með sér samstarf um vöktun, eftirlit og gæslu í tengslum við makrílveiðar og skal slíkt samstarf vera eins og fram kemur í samþykktum tæknilegum viðaukum Bretlands og Færeyja.

7. AFLASKÝRSLUR

- 7.1 Sendinefndirnar ákváðu að Færeyjar skuli skila Bretlandi mánaðarlegum aflaskýrslum skipa sinna sem veiða innan sérefnahagslögsögu Bretlands. Afhenda skal þessar skýrslur í lok hvers mánaðar fyrir afla næstliðins mánaðar.
- 7.2 Sendinefndirnar ákváðu að Færeyjar skuli skila daglegum aflaskýrslum þegar 80% af þeim aðgangsheimildum, sem fram koma í lið 6.1, hefur verið náð.
- 7.3 Færeyisk yfirvöld skulu senda aflaupplýsingar til statistics@marinemanagement.org.uk með afriti á UKCatchStatistics@defra.gov.uk.

8. GILDISTÍMI

- 8.1 Sendinefndirnar gáfu til kynna að þær hygðust halda áfram að beita þessu fyrirkomulagi eftir 2026

þar til:

- (i) annar aðilanna tilkynnir hinum með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara um áform sín um að draga sig út úr þessu fyrirkomulagi eða
 - (ii) aðilarnir koma sér saman um annað fyrirkomulag.
- 8.2 Sendinefndirnar tóku fram að beiting þessa fyrirkomulags er háð því að Færeyjar og Bretland breyti ekki hlutdeild strandríkja sinna frá því sem mælt er fyrir um í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025.

15. desember 2025

Fyrir hönd sendinefndar Færeyja

Fyrir hönd sendinefndar Bretlands

Ingibjörg Tummassardóttir Petersen

Colin Faulkner

I. viðauki – Skilyrði fyrir makrílveiðum færeyskra skipa á bresku hafsvæði

Eftirfarandi ákvæði gilda um færeysk skip sem hyggja á makrílveiðar á bresku hafsvæði (auk annarra skilyrða í leyfum sem Bretland gefur út og í viðeigandi löggjöf Bretlands):

1. Bretland skal gefa út leyfi, að beiðni Færeyja, fyrir færeysk skip til veiða á makríl í sér-efnahagslögsögu Bretlands í samræmi við það ferli sem mælt er fyrir um í 1. og 2. tæknilegum viðauka Bretlands og Færeyja. Leyfiskóða fyrir makríl er að finna í tæknilegum viðaukum Bretlands og Færeyja og í II. viðauka við þessa sameiginlegu bókun. Auk þeirra upplýsinga sem lýst er í tæknilegu viðaukunum skulu leyfisumsóknir fyrir skip sem hyggja á makrílveiðar fela í sér kröfu um að veittar séu upplýsingar um geymslurými í skipinu fyrir fisk.
2. Skip mega ekki hefja veiðar í sérefnahagslögsögu Bretlands fyrr en þau hafa fengið heimild frá Vöktunarmiðstöð fiskveiða í Bretlandi (United Kingdom Fisheries Monitoring Centre) fyrir yfirstandandi ferð.
3. Slík skip mega ekki koma inn á breskt hafsvæði nema fara um eitt af eftirlitssvæðunum sem finna má í III. viðauka. Þessa skrá yfir eftirlitssvæði fyrir skip sem hyggja á makrílveiðar á bresku hafsvæði skal nota í stað skrárinnar yfir eftirlitssvæði í tæknilegum viðaukum Bretlands og Færeyja.
4. Komi skip inn í sérefnahagslögsögu Bretlands til makrílveiða án afla um borð skal skipið undanþegið kröfum skv. 3. lið.
5. Veiðiferð skal teljast lokið þegar skipið yfirgefur breskt hafsvæði eða kemur til hafnar í Bretlandi þar sem löndun fer fram á öllum afla þess.
6. Skip skulu ekki fara af bresku hafsvæði án þess að fara um eitt af eftirlitssvæðunum sem tilgreint er í 3. lið.
7. Að minnsta kosti fjórum klukkustundum áður en komið er inn á eitt af eftirlitssvæðunum, við komu eða brottför frá bresku hafsvæði, skal skipstjóri skipsins hafa samband við Vöktunarmiðstöð fiskveiða í Bretlandi (í Edinborg) með tölvupósti á netfangið: ukfmc@gov.scot eða, ef tölvupóstur er ekki fyrir hendi, í síma (+44 131 244 2286).
8. Í tilkynningunni skal tilgreina nafn, alþjóðlegt fjarskiptakallmerki og einkennisstafi og -númer heimahafnar skipsins (PLN), heildarmagn tegunda um borð og eftirlitssvæðið sem skipið mun fara um við komu eða brottför frá bresku hafsvæði.
9. Skipið skal ekki yfirgefa eftirlitssvæðið eða hefja veiðar fyrr en það hefur fengið staðfestingu á tilkynningunni og leiðbeiningar um hvort skipstjóra sé skylt að mæta með skipið til skoðunar, annaðhvort á sjó eða í höfn, samkvæmt beiðni lögbærs yfirvalds. Hver staðfesting skal hafa einkvæmt leyfisnúmer sem skipstjóri skal varðveita þar til skipið yfirgefur breskt hafsvæði.
10. Skip skulu afhenda gögn í gegnum rafrænt skýrslukerfi, eða samsvarandi gögn með tölvupósti til Vöktunarmiðstöðvar fiskveiða í Bretlandi. Tilgreina skal í afhentum gögnum afla við komu (COE) og afla við brottför (COX), eins og lýst er í tæknilegum viðaukum Bretlands og Færeyja, ásamt aflaupplýsingum og löndunarskýrslum sem ná yfir alla ferðina (þar á meðal heildarafla eftir veiðisvæðum). Ef óskað er eftir því skulu Færeyjar afhenda Vöktunarmiðstöð fiskveiða í Bretlandi sölugögn.

Viðauki II – Leyfiskóðar sem nota skal í umsókn um veiðileyfi á bresku hafsvæði fyrir færeysk skip

Kóði fyrir umsókn	Kóði hóps	Skipahópur
1	FRO GBR_ICES_MAC	Færeysk skip sem veiða makríl innan allrar sérefnahagslögsögu Bretlands

III. viðauki – Eftirlitssvæði

Koma og brottför	
Makrílveiðar (48 E2 6a)	MACA
Makrílveiðar (45 E3 6a)	MACB
Makrílveiðar (49 F1 4a)	MACC
Makrílveiðar (48 E8 4a)	MACD
Makrílveiðar (49 E8 4a)	MACE
Makrílveiðar (50 E8 4a)	MACF
Makrílveiðar (48 E6 4a)	MACG
Makrílveiðar (46 E9 4a)	MACH
Makrílveiðar (47 F1 4a)	MACI
Makrílveiðar (51 F1 4a)	MACJ

**SAMEIGINLEG BÓKUN UM FISKVEIÐIVIÐRÆÐUR MILLI
NOREGS OG BRETLANDS UM STJÓRNUN MAKRÍLVEIÐA
Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI**

15. desember 2025

1. Sendinefnd Noregs undir forystu Ann Kristin Westberg og sendinefnd Bretlands undir forystu Colin Faulkner hittust í London í október og nóvember 2025 til að eiga viðræður um samskipti á sviði fiskveiða varðandi fyrirkomulag aðgangs til makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Samninganefndirnar höfðu hugfastan rammisamninginn um fiskveiðar milli ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og ríkisstjórnar Noregs frá 30. september 2020.
3. Sendinefndirnar minntu enn fremur á sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi, sem undirrituð var 15. desember 2025, og tóku mið af afleiddri minnkun veiðiálags.
4. Sendinefndirnar ákváðu að leggja til, hvor sín yfirvöld, að komið verði á því fyrirkomulagi sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun.
5. **Fyrirkomulag færslu og aðgangs**
 - 5.1 Sendinefndirnar minntu á að margs konar færslur kvóta höfðu átt sér stað milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands.
 - 5.2 Bretland ákvað því að veita Noregi aðgang til veiða innan sérefnahagslögsögu Bretlands á 60% af nettóhlutdeild Noregs í makríl sem fram kemur í lið 4.4 í sameiginlegu bókuninni frá 15. desember 2025.
6. **Eftirlit og framfylgd**
 - 6.1 Veiðar norskra skipa innan sérefnahagslögsögu Bretlands skulu fara fram í samræmi við samþykktu „tæknilega viðauka við sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Konungsríkisins Noregs (tæknilegir viðaukar Bretlands og Noregs)“ nema:
 - i. ráðstafanir séu leystar af hólmi eða settar með þessari sameiginlegu bókun sem skal hafa forgang eða
 - ii. samið sé um annað.
 - 6.2 Bretland skal tilkynna tímanlega um innleiðingu nýrrar fiskveiðilöggjafar og tæknilegra ráðstafana og gerir sér grein fyrir nauðsyn þess að veita sjómönnum slíkar upplýsingar með skjóttum hætti.
 - 6.3 Sendinefndirnar ákváðu að hafa með sér samstarf um vöktun, eftirlit og gæslu í tengslum við makrílveiðar og skal slíkt samstarf vera eins og fram kemur í samþykktum tæknilegum viðaukum Bretlands og Noregs.
7. **Aflaskýrslur**
 - 7.1 Sendinefndirnar ákváðu að Noregur skuli skila Bretlandi mánaðarlegum aflaskýrslum skipa sinna sem veiða innan sérefnahagslögsögu Bretlands. Afhenda skal þessar skýrslur í lok hvers mánaðar fyrir afla næstliðins mánaðar.
 - 7.2 Sendinefndirnar ákváðu að Noregur skuli skila daglegum aflaskýrslum þegar 80% af þeim aðgangsheimildum, sem fram koma í lið 5.1, hefur verið náð.
 - 7.3 Norsk yfirvöld skulu senda aflaupplýsingar til statistics@marinemanagement.org.uk með afriti á UKCatchStatistics@defra.gov.uk.
8. **Gildistími**
 - 8.1 Sendinefndirnar gáfu til kynna að þær hygðust halda áfram að beita þessu fyrirkomulagi eftir 2026 þar til

- i. annar aðilanna tilkynnir hinum með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara um áform sín um að draga sig út úr þessu fyrirkomulagi eða
 - ii. aðilarnir koma sér saman um annað fyrirkomulag.
- 8.2 Sendinefndirnar tóku fram að beiting þessa fyrirkomulags er háð því að Noregur og Bretland breyti ekki hlutdeild strandríkja sinna frá því sem mælt er fyrir um í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025.

15. desember 2025

Fyrir hönd sendinefndar Noregs

Fyrir hönd sendinefndar Bretlands

Ann Kristin Westberg

Colin Faulkner

I. viðauki – Skilyrði fyrir makrílveiðum norskra skipa á bresku hafsvæði

Eftirfarandi ákvæði gilda um norsk skip sem hyggja á makrílveiðar á bresku hafsvæði (auk annarra skilyrða í leyfum sem Bretland gefur út og í viðeigandi breskri löggjöf):

1. Bretland skal gefa út leyfi, að beiðni Noregs, fyrir norsk skip til veiða á makríl innan sér-efnahagslögsögu Bretlands í samræmi við það ferli sem fram kemur í 1. og 2. tæknilega viðauka Bretlands og Noregs. Leyfiskóða fyrir makríl er að finna í tæknilegum viðaukum Bretlands og Noregs og í II. viðauka við þessa sameiginlegu bókun. Auk þeirra upplýsinga sem lýst er í tæknilegu viðaukunum skulu leyfisumsóknir fyrir skip sem hyggja á makrílveiðar fela í sér kröfu um að veittar séu upplýsingar um geymslurými í skipinu fyrir fisk.
2. Skip mega ekki hefja veiðar í sér-efnahagslögsögu Bretlands fyrr en þau hafa fengið heimild frá Vöktunarmiðstöð fiskveiða í Bretlandi (United Kingdom Fisheries Monitoring Centre) fyrir yfirstandandi ferð.
3. Slík skip mega ekki koma inn á breskt hafsvæði nema fara um eitt af eftirlitssvæðunum sem finna má í III. viðauka. Þessa skrá yfir eftirlitssvæði fyrir skip sem hyggja á makrílveiðar á bresku hafsvæði skal nota í stað skrárinnar yfir eftirlitssvæði í tæknilegum viðaukum Bretlands og Noregs.
4. Komi skip inn í sér-efnahagslögsögu Bretlands til makrílveiða án afla um borð skal skipið undanþegið kröfum skv. 3. lið.
5. Veiðiferð skal teljast lokið þegar skipið yfirgefur breskt hafsvæði eða kemur til hafnar í Bretlandi þar sem löndun fer fram á öllum afla þess.
6. Skip skulu ekki fara af bresku hafsvæði án þess að fara um eitt af eftirlitssvæðunum sem tilgreint er í 3. lið.
7. Að minnsta kosti fjórum klukkustundum áður en komið er inn á eitt af eftirlitssvæðunum, við komu eða brottför frá bresku hafsvæði, skal skipstjóri skipsins hafa samband við Vöktunarmiðstöð fiskveiða í Bretlandi (í Edinborg) með tölvupósti á netfangið: ukfmc@gov.scot eða, ef tölvupóstur er ekki fyrir hendi, í síma (+44 131 244 2286).
8. Í tilkynningunni skal tilgreina nafn, alþjóðlegt fjaraskiptakallmerki og einkennisstaði og -númer heimahafnar skipsins (PLN), heildarmagn tegunda um borð og eftirlitssvæðið sem skipið mun fara um við komu eða brottför frá bresku hafsvæði.
9. Skipið skal ekki yfirgefa eftirlitssvæðið eða hefja veiðar fyrr en það hefur fengið staðfestingu á tilkynningunni og leiðbeiningar um hvort skipstjóra sé skylt að mæta með skipið til skoðunar, annaðhvort á sjó eða í höfn, samkvæmt beiðni lögbærs yfirvalds. Hver staðfesting skal hafa einkvæmt leyfisnúmer sem skipstjóri skal varðveita þar til skipið yfirgefur breskt hafsvæði.
10. Skip skulu afhenda gögn í gegnum rafrænt skýrslukerfi, eins og lýst er í tæknilegum viðaukum Bretlands og Noregs. Ef óskað er eftir því skal Noregur afhenda sölugögn og gögn um veiðiferð og afla fyrir alla ferðina. Sendinefndirnar tóku fram að stefnt væri að því að uppfæra rafræna skýrslugjafarkerfið á næstunni til að auðvelda að skýrslugjöf geti náð yfir alla ferðina.

Viðauki II – Leyfiskóðar sem nota skal í umsókn um veiðileyfi á bresku hafsvæði fyrir norsk skip

Kóði fyrir umsókn	Kóði hóps	Skipahópur
1	NOR_GBR_ICES_MAC	Norsk skip sem veiða makríl í allri sérefnahagslögsögu Bretlands

III. viðauki – Eftirlitssvæði

Koma og brottför	
Makrílveiðar (48 E2 6a)	MACA
Makrílveiðar (45 E3 6a)	MACB
Makrílveiðar (49 F1 4a)	MACC
Makrílveiðar (48 E8 4a)	MACD
Makrílveiðar (49 E8 4a)	MACE
Makrílveiðar (50 E8 4a)	MACF
Makrílveiðar (48 E6 4a)	MACG
Makrílveiðar (46 E9 4a)	MACH
Makrílveiðar (47 F1 4a)	MACI
Makrílveiðar (51 F1 4a)	MACJ

**SAMEIGINLEG BÓKUN UM FISKVEIÐIVIÐRÆÐUR MILLI
ÍSLANDS OG NOREGS UM STJÓRNUN MAKRÍLVEIÐA
Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI**

15. desember 2025

1. Sendinefnd Íslands undir forystu Guðmundar Þórðarsonar og sendinefnd Noregs undir forystu Ann Kristin Westberg hittust í London í október og nóvember 2025 til að eiga viðræður um samskipti á sviði fiskveiða varðandi fyrirkomulag aðgangs í tengslum við stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Sendinefndirnar höfðu hugfasta sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025.
3. Sendinefndirnar ákváðu að leggja til, hvor við sín yfirvöld, að komið verði á því fyrirkomulagi varðandi makrílveiðar sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun.
4. **Fyrirkomulag færslu og aðgangs**
 - 4.1 Sendinefndirnar ítrekuðu að fyrir árið 2026 og áfram myndu Noregur og Ísland fastsetja kvóta sinn á grundvelli nettóhlutdeildar sinnar, sem fram kemur í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi, sem undirrituð var 15. desember 2025, og tóku fram að þessi hlutdeild endurspeglar árlega færslu kvóta frá Íslandi til Noregs.
 - 4.2 Sendinefndirnar tóku fram að veiða megi kvóta Noregs innan fiskveiðilögsögu Noregs eða á alþjóðlegum hafsvæðum og að veiða megi kvóta Íslands innan fiskveiðilögsögu Íslands eða á alþjóðlegum hafsvæðum.
 - 4.3 Sendinefndirnar ákváðu af þeim sökum að fyrir árið 2026 og áfram myndi Noregur veita Íslandi á hverju ári aðgang til makrílveiða í sérefnahagslögsögu Noregs í skiptum fyrir skuldbindingarnar varðandi fyrirkomulag færslna sem lýst er í lið 4.1. Fyrir árið 2026 fengi Ísland aðgang til makrílveiða í sérefnahagslögsögu Noregs sem næmi 60% af kvóta þess, byggt á nettóhlutdeild þeirra sem lýst er í lið 4.4 í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025. Sendinefndirnar ákváðu að aðgangur yrði veittur í sama hlutfalli fyrir árið 2027 og áfram.

Skilyrði fyrir veiðum íslenskra skipa í sérefnahagslögsögu Noregs

- 4.4 Fjöldi skipa undir fána Íslands, sem fær leyfi til makrílveiða á sama tíma í sérefnahagslögsögu Noregs, takmarkast við 12 skip.
 - 4.5 Skip sem stunda makrílveiðar sunnan 62°N mega aðeins nota hringnót.
 - 4.6 Ef skip sem ekki eru notuð beint til fiskveiða samkvæmt þessu fyrirkomulagi eru notuð til að flytja afla í land skal afla frá mismunandi skipum haldið aðskildum um borð í flutningaskipinu.
 - 4.7 Skip sem stunda fiskveiðar samkvæmt þessu fyrirkomulagi og skip sem flytja afla að landi bera ábyrgð á að senda rafrænar skýrslur í samræmi við reglugerðina „*forskrift 31. august 2010 nr. 1231 om elektronisk rapportering for utenlandske fiske og fangstfartøy i Norges økonomiske sone, territorialfarvann, fiskerisonen ved Jan Mayen og fiskerisonen ved Svalbard*“.
- „Fiskeriaktivitet“ í rafrænni aflaskýrslu (DCA) skal innihalda kóðann „REL“ þegar makrílafli samkvæmt þessu fyrirkomulagi er færður yfir í flutningaskip.
- Flutningaskipið verður að tilkynna um færðan afla með rafrænum skilaboðum sem innihalda færsluskóðann „TRA“.
- 4.8 Þegar makrill er veiddur í sérefnahagslögsögu Noregs verður að selja a.m.k. 66% af kvótanum, sem aðgangur er veittur að og fram kemur í lið 4.3, í gegnum eða með samþykki Sölusamtaka uppsjávarfisks í Noregi (Norges Sildesalgslag SA). Þessi krafa tekur gildi þegar 34% af tiltækum kvóta, sem aðgangur er veittur að, er náð. Íslenskum skipum er heimilt, að eigin frumkvæði, að

selja afla sinn í gegnum viðkomandi Sölusamtök uppsjávarfisks áður en þau hafa veitt 34% af tiltækum kvóta sem þeim er veittur aðgangur að.

- 4.9 Erlend fiskiskip sem stunda makrílveiðar innan efnahagslögsögu Noregs skulu mæta til eftirlits eins og mælt er fyrir um í reglugerðinni „*forskrift om fremstilling for kontroll for utenlandske fartøy som driver fiske i Norges økonomiske sone*“ nr. 1804 frá 19. júlí 2005.

5. Gildistími

- 5.1 Sendinefndirnar tóku fram að ákveði þær ekki annað í sameiningu skuli fyrirkomulagið, sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun, gilda til loka ársins 2028.
- 5.2 Sendinefndirnar gáfu til kynna að þær hygðust halda áfram að beita þessu fyrirkomulagi eftir 2028 nema:
- i. annar aðilanna tilkynni hinum með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara um áform sín um að draga sig út úr þessu fyrirkomulagi eða
 - ii. aðilarnir komi sér saman um annað fyrirkomulag.
- 5.3 Sendinefndirnar tóku fram að beiting þessa fyrirkomulags er háð því að Ísland og Noregur breyti ekki hlutdeild strandríkja sinna eða nettóhlutdeild frá því sem mælt er fyrir um í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025.

Fyrir hönd sendinefndar Íslands

Guðmundur Þórðarson

Fyrir hönd sendinefndar Noregs

Ann Kristin Westberg

**SAMEIGINLEG BÓKUN UM FISKVEIÐIVIÐRÆÐUR MILLI
FÆREYJA OG ÍSLANDS UM STJÓRNUN MAKRÍLVEIÐA
Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI**

15. desember 2025

1. Sendinefnd Færeyja undir forystu Ingibjörg Tummassardóttir Petersen og sendinefnd Íslands undir forystu Guðmundar Þórðarsonar hittust í London í október og nóvember 2025 til að eiga viðræður um samskipti á sviði fiskveiða varðandi fyrirkomulag aðgangs til makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Sendinefndirnar höfðu hugfasta sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025 og tóku mið af afleiddri minnkun veiðilags samanborið við árin 2021, 2022, 2023 og 2024.
3. Sendinefndirnar ákváðu að leggja til, hvor við sín yfirvöld, að komið verði á því fyrirkomulagi varðandi makrílveiðar sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun.
4. **FYRIRKOMULAG AÐGANGS**
 - 4.1 Sendinefndirnar ákváðu að Færeyjar myndu veita Íslandi aðgang að færeysku hafsvæði til að veiða 9.419 tonn af makríl árið 2026.
5. **SKILYRÐI FYRIR VEIÐUM ÍSLENSKRA SKIPA Á FÆREYSKU HAFSVÆÐI**
 - 5.1 Fjöldi íslenskra skipa, sem fá leyfi til að veiða makríl á sama tíma á færeysku hafsvæði, takmarkast við 12 skip.
 - 5.2 Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipa enn frekar til að koma í veg fyrir þrengsli á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld geta færeysk stjórnvöld ákveðið að aðeins tiltekinn fjöldi skipa megi stunda veiðarnar á sama tíma.
 - 5.3 Hugsanlegur meðafli norskrar vorgotssildar (Atlanto-Scandian) sem íslensk skip á makrílveiðum á færeysku hafsvæði veiða mun dragast frá þeim kvóta sem íslensk skip hafa aðgang að til veiða á færeysku hafsvæði samkvæmt öðru tvíhliða fyrirkomulagi milli Færeyja og Íslands.
7. **GILDISTÍMI**
 - 7.1 Sendinefndirnar tóku fram að ákveði þær ekki annað í sameiningu skuli fyrirkomulagið, sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun, einnig gilda fyrir árin 2027 og 2028, þar sem aðgangur að færeyskum hafsvæðum er veittur í sama hlutfalli af íslenskum landskvóta eftir færslu og fram kemur í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025.
 - 7.2 Sendinefndirnar gáfu til kynna að þær hygðust halda áfram að beita þessu fyrirkomulagi eftir 2028 nema:
 - i. annar aðilanna tilkynni hinum með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara um áform sín um að draga sig út úr þessu fyrirkomulagi eða
 - ii. aðilarnir komi sér saman um annað fyrirkomulag.
 - 7.3 Sendinefndirnar tóku fram að beiting þessa fyrirkomulags er háð því að Færeyjar og Ísland breyti ekki hlutdeild strandríkja sinna eða nettóhlutdeild frá því sem mælt er fyrir um í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi sem undirrituð var 15. desember 2025.

Fyrir hönd sendinefndar Færeyja

Ingibjörg Tummassardóttir Petersen

Fyrir hönd sendinefndar Íslands

Guðmundur Þórðarson

**SAMEIGINLEG BÓKUN UM FISKVEIÐIVIÐRÆÐUR MILLI
FÆREYJA OG NOREGS UM STJÓRNUN MAKRÍLVEIÐA
Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI**

15. desember 2025

1. Sendinefnd Færeyja undir forystu Ingibjörg Tummassardóttir Petersen og sendinefnd Noregs undir forystu Ann Kristin Westberg hittust í London í október og nóvember 2025 til að eiga viðræður um samskipti á sviði fiskveiða varðandi fyrirkomulag aðgangs í tengslum við stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi.
2. Sendinefndirnar höfðu hugfasta sameiginlegu bókunina um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025.
3. Sendinefndirnar ákváðu að leggja til, hvor við sín yfirvöld, að komið verði á því fyrirkomulagi varðandi makrílveiðar sem sett er fram í þessari sameiginlegu bókun.
4. **Fyrirkomulag færslu og aðgangs**
 - 4.1 Sendinefndirnar ítrekuðu að fyrir árið 2026 og áfram myndu Noregur og Færeyjar fastsetja kvóta sinn á grundvelli nettóhlutdeildar sinnar, sem fram kemur í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025.
 - 4.2 Sendinefndirnar tóku fram að veiða megi kvóta Noregs innan fiskveiðilögsögu Noregs eða á alþjóðlegum hafsvæðum og að veiða megi kvóta Færeyja innan fiskveiðilögsögu Færeyja eða á alþjóðlegum hafsvæðum.
 - 4.3 Sendinefndirnar ákváðu að fyrir árið 2026 myndu Færeyjar fá aðgang til veiða á 40% af nettóhlutdeild sinni, eins og fram kemur í lið 4.4 í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi, frá 15. desember 2025, innan sérefnahagslögsögu Noregs. Það jafngildir 14.352 tonnum fyrir árið 2026. Sendinefndirnar ákváðu að Noregur myndi veita Færeyjum samsvarandi aðgang fyrir árið 2027 og áfram.
5. **Skilyrði fyrir veiðum færeyskra skipa í sérefnahagslögsögu Noregs**
 - 5.1 Fjöldi skipa undir fána Færeyja, sem fær leyfi til makrílveiða á sama tíma í sérefnahagslögsögu Noregs, takmarkast við 12 skip.
 - 5.2 Skip sem stunda makrílveiðar sunnan 62°N mega aðeins nota hringnót.
 - 5.3 Ef skip sem ekki eru notuð beint til fiskveiða samkvæmt þessu fyrirkomulagi eru notuð til að flytja afla í land skal afla frá mismunandi skipum haldið aðskildum um borð í flutningaskipinu.
 - 5.4 Skip sem stunda fiskveiðar samkvæmt þessu fyrirkomulagi og skip sem flytja afla að landi bera ábyrgð á að senda rafrænar skýrslur í samræmi við reglugerðina „*forskrift 31. august 2010 nr. 1231 om elektronisk rapportering for utenlandske fiske og fangstfartøy i Norges økonomiske sone, territorialfarvann, fiskerisonen ved Jan Mayen og fiskerisonen ved Svalbard*“. „*Fiskeriaktivitet*“ í rafrænni aflaskýrslu (DCA) skal innihalda kóðann „REL“ þegar makrílafli samkvæmt þessu fyrirkomulagi er færður yfir í flutningaskip. Flutningaskipið verður að tilkynna um færðan afla með rafrænum skilaboðum sem innihalda færsluskóðann „TRA“.
 - 5.5 Þegar makrill er veiddur í sérefnahagslögsögu Noregs skal selja þann kvóta, sem aðgangur er veittur að og fram kemur í lið 4.3, í gegnum eða með samþykki Sölusamtaka uppsjávarfisks í Noregi (Norges Sildesalgslag SA).
 - 5.6 Erlend fiskiskip sem stunda makrílveiðar innan efnahagslögsögu Noregs skulu mæta til eftirlits eins og mælt er fyrir um í reglugerðinni „*forskrift om fremstilling for kontroll for utenlandske fartøy som driver fiske i Norges økonomiske sone*“ nr. 1804 frá 19. júlí 2005.

6. Gildistími

- 6.1 Sendinefndirnar tóku fram að ákveði þær ekki annað í sameiningu skuli fyrirkomulagið, sem fram kemur í þessari sameiginlegu bókun, gilda til loka ársins 2028.
- 6.2 Sendinefndirnar gáfu til kynna að þær myndu halda áfram að beita þessu fyrirkomulagi eftir 2028 nema:
 - i. annar aðilanna tilkynni hinum með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara um áform sín um að draga sig út úr þessu fyrirkomulagi eða
 - ii. aðilarnir koma sér saman um annað fyrirkomulag.
- 6.3 Sendinefndirnar tóku fram að beiting þessa fyrirkomulags er háð því að Færeyjar og Noregur breyti ekki hlutdeild strandríkja sinna eða nettóhlutdeild frá því sem mælt er fyrir um í sameiginlegu bókuninni um fiskveiðiviðræður milli Færeyja, Íslands, Noregs og Bretlands um stjórnun makrílveiða í Norðaustur-Atlantshafi frá 15. desember 2025.

15. desember 2025

Fyrir hönd sendinefndar Færeyja

Fyrir hönd sendinefndar Noregs

Ingibjörg Tummassardóttir Petersen

Ann Kristin Westberg

**Agreed Record of Fisheries Consultations between
the Faroe Islands, Iceland, Norway and the United Kingdom
on the Management of Mackerel in the North-East Atlantic**

15 December 2025

1. A Delegation from the Faroe Islands, headed by Ms Ingibjörg Tummassardóttir PETERSEN, a Delegation from Iceland, headed by Dr Guðmundur Þórðarson, a Delegation from Norway, headed by Ms Ann Kristin WESTBERG, and a Delegation from the United Kingdom (UK), headed by Mr Colin FAULKNER, met in London in October and November 2025 to consult on fisheries relations with respect to the management of North-East Atlantic mackerel.
2. The Delegations noted the following bilateral agreements that form an integral part of this agreed record:
 - the Agreed Record of Fisheries Consultations between the Faroe Islands and the United Kingdom on the management of mackerel in the North-East Atlantic of 15 December 2025;
 - the Agreed Record of Fisheries Consultations between Norway and the United Kingdom on the management of mackerel in the North-East Atlantic of 15 December 2025;
 - the Agreed Record of Fisheries Consultations between Iceland and Norway on the management of mackerel in the North-East Atlantic of 15 December 2025;
 - the Agreed Record of Fisheries Consultations between Iceland and the Faroe Islands on the management of mackerel in the North-East Atlantic of 15 December 2025; and
 - the Agreed Record of Fisheries Consultations between the Faroe Islands and Norway on the management of mackerel in the North-East Atlantic of 15 December 2025.
